



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 26. október 2022


Efni: **Vegna þingsályktunartillögunnar Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál.**

Á 600. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 25.10.2022 var lagt fram erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 13.10.2022 þar Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar varðandi endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 9. mál. Sveitarstjórn færði eftirfarandi til bókar vegna málsins:

*Það er mikilvægt að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram. Því tekur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps heilshugar undir efni tillögunnar.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps